



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 7/2012

um gildistöku kostnaðargreindra verða

I. Erindið

Þann 5. október 2011 barst Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) kvörtun frá Fjarskiptum ehf. (Vodafone) varðandi heimild Vodafone til að hækka lúkningarverð.

Í kvörtuninni er vísað til þess að þann 15. júní sl. hafi PFS sent bréf til Vodafone þar sem tilkynnt hafi verið um heimild til hækkunar gjalda fyrir lúkningu símtala í almennu talsímaneti í samræmi við hækkun lúkningarverða Símans. Segir að neðst í bréfi stofnunarinnar sé Vodafone tilkynnt um að ef félagið ætli að nýta sér umrædda heimild eigi félagið að tilkynna viðskiptavinum eins fljótt og við verði komið. Umrætt bréf var sent í viðhengi.

Þá vísar Vodafone í ákvörðun PFS nr. 29/2008 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í föstum almennum talsímanetum. Bent er á að í kafla 4.3 í ákvörðuninni sem fjalli um kvöð um gagnsæi segi: „*Síminn skal tilkynna öðrum fjarskiptafyrirtækjum fyrirfram um breytingar á verði, eigi síðar en tveimur mánuðum áður en breytingarnar koma til framkvæmda.*“

Segir í kvörtuninni að Síminn hafi tilkynnt breytingu á verðskrá sinni þann 31. maí sl. með bréfi, sem hafi borist Vodafone þann 6. júní sl., og breytingar þeirra hafi komið til framkvæmda þann 1. ágúst sl. í samræmi við ofangreinda ákvörðun PFS. Þá segir að þann 9. júní sl., hafi Vodafone haft samband við PFS og óskað eftir nánari upplýsingum um heimild Símans til hækkunar. Vodafone hafi fengið þau svör að ákvörðunin hafi ekki verið birt þar sem frestur til að óska eftir að afmá trúnaðarupplýsingar hafi ekki verið liðinn. Þann 15. júní sl. hafi Vodafone borist tilkynning um hækkunina og þann 23. júní sl. hafi starfsmenn Vodafone náð að kynna sér efni ákvörðunarinnar á fullnægjandi hátt.

Í kjölfarið á því hafi Vodafone ákveðið að gera hækkanir í samræmi við hækkanir Símans og fyrirtækið hafi tilkynnt viðskiptavinum sínum um fyrirhugaða verðhækkun þann 29. júní sl., eða 10 virkum dögum eftir að tilkynning PFS hafi borist Vodafone um heimild til hækkunar. Vodafone telji að verðbreytingar fyrirtækisins hafi verið tilkynntar eins fljótt og við var komið

og því hafi fyrirtækið talið að hækkanirnar myndu taka gildi þann 1. ágúst sl., líkt og hækkanir Símans til að gæta jafnræðis á markaði. Hækkanirnar ættu að taka gildi þrátt fyrir það sem fram komi í kafla 5.3 í ákvörðun PFS nr. 29/2008 að Vodafone eigi að tilkynna um hækkanir með tveggja mánaða fyrirvara. Vodafone hafi ekki átt möguleika á að vita af umræddri hækkun og bregðast við henni fyrr.

Þá segir í kvörtun Vodafone að þann 4. október sl., hafi fyrirtækið fengið svar frá starfsmanni Símans þess efnis að hækkun Vodafone vegna lúkningu símtala í almennu talsímaneti væri hafnað sökum þess að tilkynning á henni hefði borist of seint.

Af þessum sökum óski Vodafone eftir afskiptum PFS af þessu máli og að stofnunin staðfesti að verð Vodafone eigi að fylgja verðum Símans, líkt og kveðið sé á um í kafla 2.3 í ákvörðun 15/2011 og taki gildi á sama tíma þar sem PFS hafi einungis gert þær kröfur, í bréfi sínu 15. júní sl., að umræddar hækkanir Vodafone yrðu tilkynntar eins fljótt og við yrði komið.

II. Málavextir og bréfaskipti

1.

Svarbréf Símans vegna kvörtunar Vodafone

Í tilefni af kvörtuninni var Símanum gefinn kostur á að tjá sig um hana með bréfi PFS, dags. 13. október sl., og barst svarbréf fyrirtækisins þess efnis, dags. 27. október sl.

Í bréfi Símans segir að sú kvöð hvíli á Símanum og Vodafone að tilkynna um verðbreytingar vegna lúkningargjalda með að lágmarki 60 daga fyrirvara, sbr. ákvörðun PFS nr. 29/2008. Þar sem tilkynning um verðbreytingar Vodafone hafi verið send 30. júní sl. þá hafi þær ekki getað komið til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi 60 dögum síðar, eða 1. september sl.

Af þessari ástæðu telji Síminn óhjákvæmilegt að hafna kröfu Vodafone. Síminn fái ekki séð hvernig Vodafone sé heimilt að víkja til hliðar ákvörðun PFS nr. 29/2008 um 60 daga tilkynningarfrést Vodafone, einkum þegar litið sé til þess að Símanum sé gert að tilkynna um allar verðbreytingar með 60 daga fyrirvara.

Þá vísar Síminn í ákvörðun PFS nr. 29/2008 og segir að þar hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að Vodafone væri með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 9. Meðal þeirra kvaða sem PFS hafi lagt á Vodafone hafi verið kvöð um gagnsæi. Þá er tekið upp úr ákvörðuninni:

„Og fjarskipti skal tilkynna öðrum fyrirtækjum fyrir fram um breytingar á verði, eigi síðar en tveimur mánuðum áður en breytingar koma til framkvæmda. Þá skal félagið tilkynna um breytingar á samtengisvæðum og samtengipunktum með minnst sex mánaða fyrirvara og tilkynna um aðrar breytingar, fyrir utan verðbreytingar, með minnst þriggja mánaða fyrirvara.“ (Feitletrun Símans).

Segir að Síminn telji framangreint orðalag afdráttarlaust um að Vodafone sé óheimilt að láta verðbreytingar koma til framkvæmda nema að hafa tilkynnt öðrum fyrirtækjum, þ.m.t. Símanum, um slíkar breytingar með að lágmarki 60 daga fyrirvara. Um sé að ræða sjálfsæða skyldu Vodafone sem sé óháð öðrum kvöðum og skyldum sem hvíli á fyrirtækinu.

Þá vísar Síminn til umsagnar Vodafone við meðferð máls sem lauk með fyrrnefndri ákvörðun og er tekið orðrétt upp úr umsögn Vodafone:

„Vodafone er hins vegar tilbúið til að undirgangast skyldu um að tilkynna viðsejendum sínum verðbreytingar með tveggja mánaða fyrirvara.“

Segir að Vodafone hafi sem sagt lýst því yfir án nokkurra fyrirvara að það skuldbindi sig til að tilkynna verðbreytingar með að lágmarki 60 daga fyrirvara. Í athugasemdum PFS um þetta atriði segi:

„PFS telur að tveir mánuðir séu hæfilegur frestur til þess að tilkynna verðbreytingar og hvorki Síminn né Vodafone gera athugasemd við það.“ (Feitletrun Símans)

Segir í bréfi Símans að það verði ekki séð af þessu að Vodafone eða PFS hafi talið þörf á því að Vodafone fengi aðra meðferð en Síminn enda hafi niðurstaðan orðið sú að bæði Símanum og Vodafone bæri að tilkynna með 60 daga fyrirvara þegar verðlagning tæki breytingum.

Þá segir að með ákvörðun 15/2011 hafi PFS samþykkt breytingar á verðskrá Símans og sérstaklega hafi komið fram í ákvörðunarorðum ákvörðunarinnar að Símanum væri heimilt að hækka verðskrána í fyrsta lagi 1. ágúst 2011 *enda* tilkynni félagið um verðskrárbreytingar með a.m.k. 60 daga fyrirvara, sem hafi verið gert. Það hafi verið í samræmi við samtengisamninga sem Síminn hafi gert, m.a. við Vodafone.

Það verði ekki séð að Vodafone hafi verið veitt heimild til þess að láta verðhækkunarir koma til framkvæmda án tillits til tímafresta í ákvörðun nr. 29/2008, enda væri það brot á jafnræði að gera Vodafone kleift að hækka verð án tillits til tímafresta á sama tíma og það hafi sérstaklega verið tekið fram að Síminn yrði að gæta að 60 daga tilkynningarfresti.

Þá sé einnig mikilvægt að hafa í huga að heimild Vodafone til hækkunar hafi verið sjálfstæð heimild sem Vodafone hafi ekki verið skylt að nýta sér. Þannig hefði Vodafone vel getað ákveðið að heimildin yrði ekki nýtt eða ákveðið að virkja hana síðar. Til þess að virkja heimildina hafi Vodafone orðið að fylgja ákvörðun nr. 29/2008 og tilkynna um verðbreytingar með a.m.k. 60 daga fyrirvara eins og síminn, líkt og áskilið sé í samningi félaganna. Tekið er fram að ekki sé um það deilt í málinu að Vodafone hafi tilkynnt Símanum um verðbreytingar með skemmri fyrirvara en áskilið sé í ákvörðuninni.

Í bréfi Símans segir að fyrirtækið geti ekki séð að PFS hafi veitt Vodafone undanþágu frá ákvörðun 29/2008 með formlegri stjórnvaldsákvörðun sem unnt sé að kæra. Þá hafi engar breytingar verið gerðar á samningi Vodafone og Símans þar sem áskilið sé að hvort fyrirtækið um sig skuli tilkynna verðbreytingar, bæði til hækkunar og lækkunar, með 60 daga fyrirvara. Tilvísun Vodafone til bréfs PFS, dags. 15. júní 2011, um að Vodafone verði að tilkynna um verðhækkunarir eins fljótt og kostur sé geti ekki verið túlkað með þeim hætti að bréfið breyti eða feli í sér undanþágu frá ákvörðuninni.

Síminn skilji umrætt bréf því ekki með öðrum hætti en að PFS hafi verið að upplýsa Vodafone um heimild til þess að hækka verðskrá. Það sé í sjálfu sér enginn ágreiningur um að Vodafone hafi verið heimilt að hækka verðskrána heldur lúti ágreiningurinn að því hvenær heimilt hafi verið að láta hækkunina koma til framkvæmda.

Þá segir Síminn að það segi ekkert um það í bréfi PFS að Vodafone sé veitt heimild til þess að víkja frá ákvörðun 29/2008. Vissulega komi fram að Vodafone beri að tilkynna um verðhækkunina eins fljótt og kostur sé, en það segi ekki að Vodafone hafi verið heimilt að láta hækkunina koma til framkvæmda 1. ágúst sl. Ákvörðunin gildi því enn með sama hætti og áður. Vodafone sé því skylt að fylgja þeim kvöðum sem PFS hafi lagt á félagið.

Segir að bæði Símanum og Vodafone hafi verið heimilað að hækka eigin verðskrá með ákvörðun nr. 15/2011. Ákvörðunin hafi verið tekin 27. maí sl. og þar hafi komið fram að Vodafone væri heimilt að hækka eigin verðskrá með sama hætti og Símanum. Heimild Símans hafi náð til þess að hækka verðskrá 1. ágúst sl., en þó með þeim fyrirvara að hækkunin kæmi ekki sjálfkrafa til framkvæmda heldur yrði Síminn að virkja hana með tilkynningu til annarra fyrirtækja. Sama regla hljóti því að gilda um Vodafone enda verði ekki séð að heimild Vodafone verði virk við það eitt að Síminn sendi tilkynningar til sinna viðskiptaaðila. Ákvörðun 15/2011 hafi falið í sér heimild til hækkunar en ekki skyldu og því verði að tilkynna slíkar breytingar með sama hætti og aðrar verðbreytingar.

Kemur þá fram það sjónarmið Símans að það að PFS hafi ekki upplýst Vodafone fyrir en 15. júní sl. breyti því ekki að sú ófrávíkjanlega skylda hvíli á Vodafone að tilkynna með að lágmarki 60 daga fyrirvara hvort fyrirtækið nýti sé heimildina til að breyta verðum. Síminn, eða eitthvað annað fjarskiptafyrirtæki, geti ekki verið látið greiða hærra gjald en félaginu sé skylt af þeirri ástæðu einni að Vodafone hafi ekki fengið upplýsingar um heimildina fyrir en 15. júní sl. Það mál lúti alfarið að samskiptum PFS og Vodafone og geti ekki haft réttaráhrif gagnvart Símanum eða öðrum fjarskiptafyrirtækjum.

Í öllu falli sé ekki unnt að réttlæta það að Símanum sé gert að greiða Vodafone meiri fjármuni en félaginu er sannarlega skylt. Hin nýja verðskrá Vodafone hafi ekki tekið gildi gagnvart Símanum eða öðrum fjarskiptafyrirtækjum fyrir en 1. september sl. enda hafi þá verið liðnir 60 dagar frá upphaflegri tilkynningu. Hvenær PFS upplýsti Vodafone um að félaginu væri heimilt að hækka breyti engu um þessa niðurstöðu. Einnig bendi Síminn á að það væri brot á jafnræði ef Vodafone væri gert kleift að víkja frá 60 daga tilkynningarskyldu enda hafi það komið skýrt fram í ákvörðun PFS nr. 15/2011 að Símanum væri ekki heimilt að láta hækkun koma til framkvæmda nema með því að gæta að 60 daga tilkynningarfresti.

Í lokaorðum bréfsins er vísað til ofangreinds og segir að Síminn telji að Vodafone sé óheimilt að láta verðbreytingar koma til framkvæmda nema með að lágmarki 60 daga fyrirvara. Það sé óumdeilt að þess hafi ekki verið gætt og skýrlega viðurkennt af Vodafone. Þá séu engin gögn sem réttlæti að Vodafone sé heimilað að víkja frá ákvörðun 29/2008 eða þá víkja til hliðar ákvæðum í samningi Vodafone og Símans.

Segir að lokum að það bréf sem Vodafone byggði afstöðu sína á sé lítið annað en tilkynning um að Vodafone væri heimilt að hækka gjöldin sín. Bréfið geti hins vegar aldrei talist vera breyting á ákvörðun nr. 29/2008 þar sem segi skýrt að Vodafone sé skylt að tilkynna breytingar með 60 daga fyrirvara. Þess vegna geri Síminn þá kröfu að PFS hafni kröfum Vodafone að öllu leyti.

III. Forsendur og niðurstaða

1.

Lagaumhverfi

Póst- og fjarskiptastofnun er sú stofnun sem með lögum hefur verið falið að annast framkvæmd laga um fjarskipti og hafa eftirlit með fjarskiptum skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti, sbr. og 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Eitt af verkefnum stofnunarinnar er að stuðla að samkeppni á sviði fjarskiptaþjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti með því m.a. að vinna gegn röskun eða takmörkun samkeppni á mörkuðum fjarskipta, sbr. a. –lið 2. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna. Samkvæmt 9. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun geta fjarskiptafyrirtæki beint máli sínu til PFS komi upp deilumál þeirra á milli um skyldur sem leiðir af lögum um fjarskipti eða lögum um pósthjónustu.

Með vísan til 17. gr. fjarskiptalaga gerði PFS greiningu á heildsölumörkuðum fyrir upphaf símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 8), heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 9) og á heildsölumarkaði fyrir flutning símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 10). Í framhaldinu tók stofnunin ákvörðun um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á þessum mörkuðum og álagningu kvaða á þau fyrirtæki í samræmi við stöðu þeirra á markaði sbr. ákvörðun PFS nr. 29/2008.

Ein af þeim kvöðum sem lögð var á Símann og Vodafone er kvöð um eftirlit með gjaldskrá þannig að félögin bjóði lúkningarverð á sanngjörnu verði. Varð kvöðin lögð á með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga sem kveður á um að PFS geti lagt kvaðir á fjarskiptafyrirtæki um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár og kvaðir um kostnaðarbókhald á ákveðnum tegundum samtengingar eða aðgangs þegar markaðsgreining gefur til kynna að skortur á virkri samkeppni hafi í för með sér að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk krefjist of hárra gjalda eða að óeðlilega líttill munur sé á heildsölu- og smásöluverði.

Þá var einnig lögð á fyrirtækin kvöð um gagnsæi með því að útbúa og birta opinberlega verðskrá þar sem fram koma öll verð fyrir lúkningu símtala í fastlínukerfi og þjónustuþætti sem þeim tengjast. Var kvöðin sett með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga sem kveður á um að PFS geti skyldað fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk til að birta opinberlega ákveðnar upplýsingar til þess að auka gagnsæi samtengingar eða aðgangs að aðstöðu fjarskiptafyrirtækis.

2.

Ákvarðanir PFS nr. 29/2008 og 15/2011

Þann 4. desember 2008 tók PFS ákvörðun nr. 29/2008 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í föstum almennum talsímanetum (markaðir 8-10). Með ákvörðuninni komst PFS að þeirri niðurstöðu að Síminn væri með umtalsverðan markaðsstyrk á öllum ofangreindum mörkuðum. Félagið var því útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk á þeim mörkuðum og voru lagðar kvaðir á fyrirtækið í samræmi við það m.a. um eftirlit með gjaldskrá. Þá komst PFS einnig að þeirri niðurstöðu að Vodafone væri með umtalsverðan

markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaður 9) og var félagið útnefnt sem slíkt. Voru því einnig lagðar kvaðir á Vodafone á markaði 9, m.a. varðandi eftirlit með gjaldskrá.

Byggði kvöðin um eftirlit með gjaldskrá Símans á markaði 9 á heimild í 32. gr. fjarskiptalaga og samkvæmt kvöðinni ber Símanum að bjóða lúkningu símtala í fastlínukerfi á kostnaðarverði. Þá var einnig lögð kvöð á Vodafone varðandi markað 9 þar sem félagið hafði verið útnefnt með umtalsverðan markaðsstyrk á þeim markaði. Var kveðið á um að félagið skyldi bjóða lúkningargjöld á sama verði og að verðskrá Vodafone skyldi miðast við verðskrá Símans, þannig að lúkningarverð mættu aldrei vera hærri en lúkningarverð Símans. Verðin mættu þó vera lægri.

Segir í ákvörðuninni að Vodafone skuli fá fjögurra ára aðlögunartímabil til að lækka lúkningargjöld sín niður á sambærilegt stig og hjá Símanum. Lúkningarverð Vodafone skuli að lágmarki lækka árlega í fjórum jöfnum þrepum frá birtingu ákvörðunar í samræmi við töflu sem var í ákvörðuninni. Þá segir að ef kostnaðargreining verði gerð á verðum Símans og niðurstöður hennar leiða til breytingar á verðum Símans, hvort heldur sem er til hækkunar eða lækkunar, muni verð Vodafone fylgja þeim breytingum.

Með ákvörðun PFS nr. 15/2011 varðandi kostnaðargreiningu á heildsöluverðum Símans hf. fyrir upphaf, lúkningu og flutning símtala í föstu almennu talsímaneti (markaðir 8-10) var hámarksverð fyrir lúkningu símtala endurávarðað og með vísan í ákvörðun PFS nr. 29/2008 var Vodafone því heimilt að hækka lúkningarverð í talsímaneti sínu. Var Vodafone því heimilað að hækka lúkningarverð sín um 46,3% frá þeim verðum sem voru í gildi þegar ákvörðunin var tekin, þegar fyrirhuguð hækkun Símans kæmi til framkvæmda. Þá segir í ákvörðuninni að verð Vodafone skuli breytast hlutfallslega með sama hætti og verð Símans, en frá 4. desember 2012 skuli verð Vodafone vera þau sömu og verð Símans í samræmi við ákvörðun PFS nr. 29/2008. Segir í ákvörðuninni að um sé að ræða hámarksverð og félögunum sé því í sjálfsvald sett hvort þau bjóði lægri verð.

3.

Niðurstaða

Eins og að ofan greinir hefur PFS útnefnt Símann og Vodafone með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum (markaði 9). Með ákvörðun 29/2008 var m.a. lögð kvöð um gagnsæi á fyrirtækin með því að útbúa og birta opinberlega verðskrá þar sem fram koma öll verð fyrir lúkningu símtala í fastlínukerfi og þjónustubætti sem þeim tengjast. Kom fram í ákvörðuninni að fyrirtækjunum bæri að tilkynna öðrum fyrirtækjum fyrir fram um breytingar á verði, eigi síðar en tveimur mánuðum áður en breytingarnar kæmu til framkvæmda. Þrátt fyrir þetta ákvæði í ákvörðuninni segir í kafla 5.4. sem fjallar um kvöð á Vodafone um eftirlit með gjaldskrá að verðskrá Vodafone *skuli miðast við verðskrá Símans*. Þá segir að ef kostnaðargreining verði gerð síðar á verðum Símans og niðurstöður hennar leiði til breytingar á verðum fyrirtækisins, hvort heldur sé til hækkunar eða lækkunar, *muni verð Vodafone fylgja þeim breytingum*. Af þessu má ráða að gert sé ráð fyrir að samræmi sé á verðskrá fyrirtækjanna og verðbreytingar Vodafone haldist í hendur við verðbreytingar Símans, enda taki fyrirtækið ekki sérstaka ákvörðun um lækkun með því að fylgja ekki breyttum kostnaðargrunni, sem felur í sér hámarksverð.

Í ákvörðun PFS nr. 15/2011 er sett fram ný heildsöluverðskrá Símanum fyrir talsímaþjónustu. Í ákvörðuninni er vísað til ofangreinds kafla 5.4. í ákvörðun 29/2008 og segir að Vodafone sé heimilt að hækka lúkningarverð í talsímanetum sínum um 46,3% frá núverandi verðum þegar fyrirhuguð hækkun Símanum kemur til framkvæmda. Verð Vodafone muni breytast hlutfallslega með sama hætti og verð Símanum, en frá 4. desember 2012 skuli verði Vodafone vera þau sömu og verð Símanum í samræmi við ákvörðun PFS nr. 29/2008.

Mikilvægt er að hafa í huga að umræddur kafli ákvörðunar nr. 29/2008 varðar kostnaðargreiningu á lúkningarverðum í talsímanetum, en þau eru bundin kvöðum í tilviki beggja fyrirtækja og stefna þau í átt að fullkominni gagnvæmni, eins og fyrr segir. Vodafone er ekki undir gjaldskráreftirliti að öðru leyti. Því er um að ræða verð sem lúta sérstökum lögmálum og er varhugavert að draga þá ályktun að sérstakar reglur um gildistöku verðbreytinga lúkningarverða eigi við um aðra gjaldskrárliði. Þannig leiðir sérregla um gjaldskrárbreytingar á kostnaðargreindum lúkningarverðum ekki til þess að almenn ákvæði viðmiðunartilboðs um tilkynningarskyldu og gildistökufræst vegna verðbreytinga verði merkingarlaus að öðru leyti.

Þegar rýnt er í orðalag ákvörðunar PFS nr. 29/2008 varðandi verðbreytingar að aflokinni kostnaðargreiningu kann það að virðast mótsagnakennt. Annars vegar kemur fram í ákvörðuninni að fyrirtækjunum beri (þ.e. bæði Símanum og Vodafone) að tilkynna öðrum fyrirtækjum um breytingar á verðum með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara, en hins vegar segir einnig að verðskrá Vodafone skuli miðast við verðskrá Símanum og að hún skuli fylgja verðbreytingum Símanum. Ákvörðun 15/2011 er hins vegar skýr hvað varðar breytingar á verðskrá, en samkvæmt henni er Vodafone heimilt að hækka lúkningarverð sín þegar fyrirhuguð hækkun Símanum kemur til framkvæmda. Með þessu orðalagi er verið að ákveða sérstaklega hvenær hækkun Vodafone megi koma til framkvæmda, en sú gildistaka byggist á þeirri gagnkvæmnisreglu sem er að finna í útfærslu kvaðarinnar í tengslum við verskrárbreytingar í kjölfar kostnaðargreiningar, þ.e. að gjaldskrá Vodafone skuli fylgja gjaldskrá Símanum, nema að fyrirtækið ákveði annað sérstaklega. Þannig hefur Símanum mátt vera það fyllilega ljóst frá því 4. desember 2008, þegar umrædd kvöð var lögð á fyrirtækin tvö, að gagnkvæmni skyldi gilda um breytingar á gjaldskráum fyrirtækjanna að aflokinni kostnaðargreiningu. Það að Vodafone hafi haft til þess svigrúm til að fylgja ekki kostnaðargreindri verðskrá Símanum felur það ekki í sér að fyrirtækið hafi verið bundið af 60 daga gildistökufræsti frá dagsetningu tilkynningu um hækkun gagnvart Símanum eða öðrum aðilum.

Þrátt fyrir að samræmi ríki á milli framangreindra ákvarðana, eins og sýnt hefur verið fram á, ber að líta til þess að allar ákvarðanir PFS eru allar jafn rétt háar réttarheimildir og verður því að beita almennum forgangsreglum lögfræðinnar til að leysa úr hugsanlegum tilvikum um árekstur tveggja eða fleiri bindandi réttarheimilda sem taka til sama tilviks. Samkvæmt meginreglunni ganga yngri réttarheimildir framur þeim eldri og víkja þeim jafnvel til hliðar í þeim tilvikum sem þær stangast á (*lex posterior*). Samkvæmt meginreglunni verður því að álíta að sérstök regla ákvörðunar 15/2011, um gagnkvæmni gjaldskráa Símanum og Vodafone og að gjaldskrárbreyting Vodafone skuli koma til framkvæmda um leið og Símanum, gangi framur almennum reglum um tilkynningu og gildistökufræst gjaldskrárbreytinga samkvæmt ákvörðun nr. 29/2008, að svo miklu leyti sem hún kann að stangast á við forsendur eldri ákvörðunar.

Vodafone var því heimilt að hækka lúkningarverð í talsímaneti sínu á sama tíma og hækkun Símanum kom til framkvæmda eða þann 1. ágúst 2011.

Ákvörðunarorð

Vodafone var heimilt að láta hækkun á lúkningarverðum í talsímaneti sínu koma til framkvæmda á sama tíma og gjaldskrárhækkun Símans tók gildi eða þann 1. ágúst 2011.

Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 17. febrúar 2012

Hrafnkell V. Gíslason

Björn Geirsson